



Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR
Íceland

Garðabær, 5.3.2025

Málsnúmer: 202502-0033

LA

Efni: Kláfur upp á Eyrarfjall. Breyting á deiliskipulagi og aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Vísað er í tölvubréf frá Ísafjarðarbæ sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 13. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi og aðalskipulagi vegna uppsetningu kláfs upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðarbæjar. Sömu umsögn er skilað fyrir bæði erindin.

Nýtt deiliskipulag er unnið samhliða breytingum á aðalskipulagi og breytingu deiliskipulagi hlíðarinnar frá 2010, neðan Gleiðarhjalla (ytri hluti) sem eru auglýst samtímis. Aðal- og deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og hefur áður veitt umsögn til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugðara framkvæmda, þ.e. [matsskyldufyrirspurn](#) og [matsáætlun](#). Margar af þeim ábendingum sem þar koma fram eiga enn við. Framkvæmdin er nú í mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun metur framkvæmdina aðallega hafa áhrif á landslag og ásýnd Eyrarhlíðar og Eyrarfjalls. Í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 kemur skýrt fram að skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Þá hefur stofnunin bent á nauðsyn þess að kanna jarðlög í Eyrarfjalli, s.s. urðarbyggingu á Gleiðarhjalla og bergbrúnir þar ofan við.

Náttúrufræðistofnun telur að veðurfarsrannsóknir séu mikilvægar fyrir uppbyggingu og rekstur kláfsins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi og aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, en vísar í fyrri umsagnir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur